

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs  
Grindavíkurbær  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík



Reykjavík 17. mars 2016  
UST201603-084/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Tillaga að deiliskipulagi í Víðihlíð, í Grindavík.

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Víðihlíðarsvæðis í Grindavík.

### Skipulagssvæðið

Á deiliskipulagssvæðinu eru skilgreind 2 svæði: Annars vegar stofnanasvæði Víðihlíðar, þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum við dvalarheimilið, og hins vegar íbúðasvæði fyrir fjölbýlishús, raðhús, parhús og einbýlishús fyrir eldri borgara.


### Landslag og sérkenni

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er þakið hraunmyndunum og gróðri s.s. mosa og lyngi og að mestu ósnortið. Einnig kemur fram að áhersla er lögð á að hús taki mið af fallegu og ósnortnu umhverfi sínu og verði sett þannig í landið að náttúrulegt landslag haldi sér sem best.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar jarðminjar er njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3.gr. sömu laga. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áherslur um að tillit verði tekið til hraunmyndana verði komið vel til skila til húsbyggjenda og að eftirlit verði haft með því að fallegar hraunmyndanir fái að standa óraskaðar.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, þar sem fjallað er um skipulagsgerð, framkvæmdir o.fl. kemur fram að við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum er njóta sérstakrar verndar skal leita umsagnar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda auk Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur